

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 7. september 2022.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.18.10.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarrsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Sýlvía Ósk Speight, Már Sveinbjörnsson, Aðalbjörg Óladóttir, Magnús Gunnarsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Viðar Halldórsson.

Dagskrá:

1. Fundir stjórnar ÍBH september – desember 2022

Fundaáætlun lögð fram og samþykkt. Fundir, 5. október, 2. nóvember, 2. desember og byrja þeir allir kl. 16.30.

2. Innleiðing á barnvænu samfélagi í Hafnarfirði

Hafnarfjarðarbær er að innleiða Barnasáttmálann og gera sveitarfélagið að barnvænu sveitarfélagi. Sérstakur verkefnastjóri leiðir þetta verkefni. Búið er að ákveða að starfsmenn íþróttamannvirkja fái þessa fræðslu. Stjórn ÍBH óskar ennfremur eftir því að þjálfarar og stjórnarmenn aðildarfélaga ÍBH fái fræðslu um verkefnið sem Hafnarfjarðarbær skipuleggur og hefur umsjón með.

3. Íþróttavika Evrópu 23. – 30. september 2022

Búið er að senda upplýsingar til aðildarfélaga ÍBH. Aðildarfélög ÍBH eru hvött til þátttöku, t.d. með því að vera með opnar æfingar, opinn dag o.s.frv. Vera með fræðslu sem hentar viðkomandi starfsemi o.m.fl. Heimasíða verkefnisins er www.beactive.is. Almenningsíþróttasvið ÍSÍ er umsjónaraðili verkefnisins.

4. Ánægjuvugin 2022

Rannsóknir og greining lögðu fyrir könnunina Ungt fólk fyrir nemendur í 8. – 10. bekk í febrúar og mars 2022. Niðurstöðurnar voru teknar saman eftir heilbrigðisumdæmum, íþróttahéruðin ÍBR, ÍBH og UMSK, voru tekin saman í eina skýrslu, höfuðborgarsvæðið. Íþróttafélög fengu síðan félagaskýrslur ef 15 iðkendur eða fleiri höfðu merkt við þau. Sjö félög af tuttugu og fimm innan ÍBH fengu félagaskýrslu, þau eru, Haukar, Björk, FH, Sörli, SH, BH og Keilir. Skýrslurnar hafa verið sendar á aðildarfélögin.

5. Skipulagsbreytingar á skrifstofu ÍSÍ

Lagt fram til kynningar og umræðna.

6. Íþróttasjóður

Rannís auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn, heimasíðan er www.rannis.is, skilafrestur umsókna er 3. október 2022. Upplýsingar hafa verið sendar á aðildarfélög ÍBH.

7. Aðildarumsókn ÍBH að UMFÍ

Formaður og framkvæmdastjóri ÍBH funduðu með formanni og framkvæmdastjóra UMFÍ 30. ágúst sl. um aðildarumsókn ÍBH að UMFÍ. Stjórn ÍBH felur framkvæmdastjóra ÍBH að vinna málið áfram með framkvæmdastjóra UMFÍ.

8. Vinna við lottóskipti reglur

Upplýsingar um stöðuna lagðar fram til kynningar.

9. Frístundastyrkir

Umræður um frístundastyrki sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Í Hafnarfirði er styrkurinn kr. 54.000 á ári eða kr. 4.500 á mánuði á barn með lögheimili í sveitarfélaginu. Í Reykjavík t.d. var styrkurinn að hækka í kr. 75.000 á ári á barn eða kr. 6.250 á mánuði. Stjórn ÍBH hvetur Hafnarfjarðarbæ til að hækka upphæðir frístundastyrksins.

10. Fjölbætt heilsuefling 65+ í Hafnarfirði – kynning

Kynning fór fram 23. ágúst 2022 í Bæjarbíói í Hafnarfirði á vegum fyrirtækisins Janus heilsuefling. Samstarf, Hafnarfjarðarbæjar, Janus heilsuefling og ÍBH er 5 ára gamalt og er almenn ánægja með framtakið.

11. ÍRB heimsókn

Stjórn ÍBH samþykkir að taka á móti ÍRB og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

12. Nefndir stjórnar ÍBH 2021-2023

Lagt fram til kynningar og umræðna.

13. Önnur mál

a). HM lagði fram breytingartillögu á vinnureglum (ÍBH) um afmælisgjafir. Reglan var eftirfarandi grunnupphæð kr. 200.000 og fyrir hvern áratug umfram 30 ára aldur félagsins verði bætt við upphæðina sem nemur kr. 25.000. Samþykkt að grunnupphæðin verði kr. 400.000 fyrir alla og hætt að hækka upphæð með hækkandi aldri. Afmælisgjafir eru veittar á áratuga afmælum og ef félög byrja sem tómstundafélög og verða síðar íþróttafélög þá miðast gjöfin við stofndag viðkomandi félaga.

b). MG vakti athygli á opnu bréf til bæjarfulltrúa sem birtist á heimasíðu FH 7. september (í dag) og tjáði sín sjónarmið varðandi bréfið.

c). VH ræddi einnig opið bréf til bæjarfulltrúa sem birtist á heimasíðu FH 7. september og fór yfir sín sjónarmið.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.